

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal
Fundargerð, 8. fundur.

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal 8. júní 2022. Fundurinn hófst kl. 14:05.

Fundarmenn: Einar Jón Geirsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Guðlaug Kristinsdóttir, Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og Kristján Sturluson. Auk þess sat fundinn Kristján Ingi Arnarsson.

1. Alútboð.

Úr fundargerð 220. fundar sveitarstjórnar Dalabyggðar 02.06.2022, dagskrárliður 8:

1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Útboðsfrestur vegna alútboðs rann út 20.05.2022 kl. 14. Engin tilboð bárust.

Lagt til að byggingarnefnd vinni tillögu um næstu skref.

Samþykkt samhljóða.

Kristjáni Inga falið að hafa samband við þá sem sóttu gögn og kanna hver áhugi þeirra var og hvað kom í veg fyrir tilboð.

Rætt um ýmsa möguleika sem eru í stöðunni en engin niðurstaða enn sem komið er.

Ákveðið að halda næsta fund 16. júní kl. 13:30 á undan sveitarstjórnarfund. Óskað verður eftir því að Pálmi Jóhannsson verktaki komi á fundinn.

Fundi slitið kl. 15:08.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar J. Geirsson, 09.06.2022 kl. 21:22

Skúli H. Guðbjörnsson, 09.06.2022 kl. 21:54

Ingibjörg Þóranna Steinudóttir, 11.06.2022 kl. 10:40

Guðlaug Kristinsdóttir, 13.06.2022 kl. 08:50



Kristján Sturluson